


Notkunarleiðbeiningar

Endursk. 0 Jan 2023


Mynd 1a

Rad-Sure™ geislunarvísir fyrir blóð fyrir geislun



Mynd 1b

Rad-Sure™ geislunarvísir fyrir blóð eftir geislun



Þegar Rad-Sure™ geislunarvísir fyrir blóð af gerð 15 Gy og gerð 25 Gy eru notaðir á blóðafurðir sýna þeir hvort þær hafi orðið fyrir geislun. Áður en blóðafurð og áfestur vísir eru geisluð sýnir vísirinn „NOT IRRADIATED“ (EKKI GEISLAÐ). Eftir að blóðafurð og áfestur vísir hafa verið geisluð hverfur orðið „NOT“ (EKKI) á vísinum og þess í stað stendur „IRRADIATED“ (GEISLAÐ). Hægt er að nota Rad-Sure™ vísa með geislunartækjum sem notast við röntgen- og gammageisla. Fyrir röntgengeislun á eingöngu að nota Rad-Sure™ geislunarvísa fyrir blóð með geislunartækjum sem notast við röntgengeisla sem búnir eru til með 160kVp uppsprettum og síðan síaðir í gegnum 0,38 mm af kopar, eða með 150kVp uppsprettum og síðan síaðir í gegnum 1 mm af áli. Fyrir gammageislun, skal einungis nota Rad-Sure geislunarvísa fyrir blóð með geislatækjum með sesíum-137 eða kóbalt-60 geislauppsprettum, eða öðrum uppsprettum með jafnmikilli eða meiri orku.

Ath.: Rad-Sure™ geislunarvísir fyrir blóð gefa aðeins til kynna að geislun hafi átt sér stað. Þeir mæla ekki magnið frá geislatækinu. Þá má eingöngu nota með geislatækjum sem vinna rétt og eru rétt stilltir. En vegna mismunandi lýsingar, lotanúmera og sjónar notanda,

kunna Rad-Sure™ geislunarvísir fyrir blóð að sýnast algerlega ógegnsæir jafnvel eftir útsetningu sem nemur minna en lágmarksskammti fyrir vöruna. Því má aldrei nota Rad-Sure™ geislunarvísa fyrir blóð til að stilla geislatæki.

1. Ekki skal útsetja fyrir 50°C (122°F)-Forðastu að hafa lengi við hátt hitastig.
2. Taktu þann fjölda vísa sem þarf úr öskjunni. Leitaðu að orðinu „NOT“ (EKKI) í glugga hvers vísis. Ekki má nota vísinn nema að orðið „NOT“ (EKKI) sjáist greinilega (sjá mynd 1a).
3. Gættu að fyrningardagsetningu vörunnar sem fram kemur á vísinum. Ef varan er komin fram yfir fyrningardagsetningu má ekki nota vísinn.
4. Skráðu dagsetningu og upphafsstafi notanda í þar til gerða reiti á vísinum. Þetta skref á ekki við ef notaðir eru Rad-Sure™ geislunarvísir fyrir blóð.
5. Flettu bakhliðinni af vísinum með því að beygja blaðið. Varastu að snerta límlagið með gúmmihönskum. Settu vísinn þétt á viðeigandi, hreinan og þurrkan stað á blóðeininguna áður en hún er geisluð.
6. Geislaðu blóðeininguna með áfestum vísinum í geislatæki við eða yfir ráðlögðum lágmarksskammti.
7. Eftir geislun skal athuga á vísinum hvort glugginn sé svartur og hylji orðið „NOT“ (EKKI). Á vísinum á nú að standa „IRRADIATED“ (GEISLAÐ) (sjá mynd 1b). Ef orðið „NOT“ (EKKI) sést ennþá skal láta yfirmann vita tafarlaust.
8. Settu þá vísa sem eftir eru aftur í öskjuna og lokaðu henni til að koma í veg fyrir að vísarnir verði fyrir beinu sólarljósi eða útfjólubláu ljósi. Ekki nota vísana í örbylgjuofnum.

9. Ekki nota vísana í örbylgjuofnum.
10. Geymdu vísana við eða undir 25°C (77°F). Geymdu fjarri öllum uppsprettum geislunar, þar með töldum gammageislum, röntgengeislum, rafeindatækjum og örbylgjum.
11. Rad-Sure™ geislunarvísam fyrir blóð má farga með hættulausum úrgangi þegar þeir eru ekki fastir við ílát með hættulegum úrgangi.
12. Geymsluþol Rad-Sure™ geislunarvísa fyrir blóð er 36 mánuðir frá framleiðsludegi.

Fyrirvari

Þær upplýsingar sem fram koma hér eru taldar áreiðanlegar en skulu ekki teljast fyrirstilla ábyrgð eða tryggingu, viðskiptavinir eru hvattir til gera eigin prófanir. Ekki skal túlka heimildir eða meðmæli þannig að þau bjóti gegn einkaleyfum eða öðrum eignarrétti og Ashland Specialty Ingredients G.P. ber enga ábyrgð á slíkum brotum.

Rad-Sure™ er skráð vörumerki Ashland. BNA einkaleyfi númer 7445880

Framleitt fyrir:

Ashland Specialty Ingredients G.P.
1005 Rt. 202/206
Bridgewater, NJ 08807
BNA

Fyrir endurpantanir innan BNA skal senda tölvupóst á DFOrdersNA@Ashland.com.

Fyrir þjónustu eða upplýsingar innan BNA eða fyrir pantanir utan BNA skal hafa samband við DiagnosticFilmOrders@Ashland.com.

Rad-Sure™ geislunarvísar fyrir blóð hafa fengið U.S. FDA 510(k)

product list

product	product code
Rad-Sure™ 15 Gy blood irradiation indicators	976631
Rad-Sure™ 25 Gy blood irradiation indicators	976792
Rad-Sure™ 25 Gy NBF blood irradiation indicators	977365

Tákn	Heiti tákn
	Lotukóði
	Vörukóði
	Síðasti notkunardagur
	Framleiðandi
	Einnota
	ekki nota ef umbúðir eru skemmdar
Rx only	Þetta er lyfseðilsskyllt tæki í BNA. Varúð: Alríkislög takmarka sölu þessa tækis við sölu á vegum, eða eftir pöntun heilbrigðisstarfsmanns með tilskilin leyfi.

for U.S. orders and inquiries email:
diagnosticfilmorders@ashland.com

for international orders and inquiries email:
diagnosticfilmordersNA@ashland.com

[ashland.com/contact](https://www.ashland.com/contact)

® Registered trademark, Ashland or its subsidiaries, registered in various countries

™ Trademark, Ashland or its subsidiaries, registered in various countries

© 2023, Ashland / PHA23-006-IS-IS

The information contained in this document is intended for use only by persons having technical skill and at their own discretion and risk. All statements, information and data presented herein are believed to be accurate and reliable, but are not to be taken as a guarantee, an express warranty, or an implied warranty of merchantability or fitness for a particular purpose, or representation, express or implied, for which Ashland and its subsidiaries assume legal responsibility. Certain end uses of our products may be regulated pursuant to rules governing medical devices and any other non-medical device end use applications. A purchaser must make its own determination of our products' suitability for purchaser's use, whether alone or in conjunction with other products, the protection of the environment, and the health and safety of its employees and customers. It is also the purchaser's responsibility to comply with all applicable legal and regulatory requirements (including those governing medical devices and/or any non-medical devices). We make no warranty against infringement of any patents by reason of purchaser's use of any of our products.